

Nd.

412. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 19. maí 1930.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á, að numin sé úr lögum síðasta málsgrein 25. gr. laga nr. 64, frá 19. maí 1930, en í henni er heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að »skipa sérstaka löggæzlumenn, þar sem þörf þykir«. Er löggæzlu-
mönnum þessum ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd áfengislaganna, en þó má fela þeim að hafa á hendi »tollgæzlu og fleiri eftirlitsstörf«.

Í gildandi lögum eru að visu engin almenn ákvæði um tollgæzlu, önnur en þau, sem felast í l. nr. 26 1917, »um skipting bæjarfógetaembættis-
ins í Reykjavík«, en í 2. gr. þeirra laga segir svo:

»Stofna skal, jafnskjótt og því verður við komið, sérstaka tollgæzlu fyrir Reykjavík, og forstjórn bennar falin lögreglustjóra kaupstaðarins«.

Það mætti því ef til vill segja, að af auknum innflutningi til landsins, vaxandi samgöngum við útlönd og breytttri tollalöggjöf leiddi þörf fyrir ný fyrirmæli um almenna tollgæzlu. En sé svo, verður að telja edlilegt, að Alþingi ákveði tölu og launakjör nauðsynlegra starfsmanna í því skyni. Hitt er fjarstæða, að fela í áfengislöggjöfinni heimild fyrir einn einstakan ráðherra til að ráðstafa þessu eftir eigin geðþótta.

Minni hl. er því þegar af þessari ástæðu samþykkur frumvarpinu. En auk þess ber grg. frumvarpsins það með sér, að mikinn og áreiðanlega að miklu leyti óþarfan kostnað hefir af þessu leitt. Þar segir, að á árunum 1929 og 1930 hafi verið greitt úr ríkissjóði til aukinnar löggæzlu: í Reykjavík kr. 94553,46 og utan Reykjavíkur kr. 70700,00, eða alls kr. 165253,46, og þótt telja verði líklegt, að ekki verði með öllu létt af ríkissjóði kostnaði af aukinni löggæzlu, og þá aðallega í Reykjavík, þörir minni hl. óhikað að fullyrða, að mikið megi draga úr þessum kostnaði frá því, sem verið hefir undanfarin ár. Einnig af þessum ástæðum er minni hl. frv. samþykkur.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1932.

Magnús Jónsson, Ólafur Thors,
fundaskr. frsm.